

Mál nr. 57/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V1)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).****Skaðabótaábyrgð. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 3. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V1, dags. 18. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 20. mars 2025.

Málsatvik.

Ágreiningslaust virðist vera að tjón varð á bifreið A 2. nóvember 2024. Hins vegar er ágreiningur um hvort skemmdir á A megri rekja til þess að B hafi verið ekið á A.

Í málskoti er málsatvikum lýst svo að B hafi verið lagt við hlið A þar sem hún stóð í staði fyrir utan matvörubúð. Segist M hafa tekið eftir beyglu á farþegahlið A að framan og rispu á farþegahlið að aftan, þegar hann kom úr búðinni. Síðan tekur M fram að það sjáist á myndbandi að aðeins einum bíl, þ.e. B, sé lagt við hlið A meðan M var inni í búðinni. Telur M því ljóst að B hafi valdið tjóninu á A.

Í fyrirliggjandi skýrslu frá Aðstoð og Öryggi (AÖ), segir m.a. eftirfarandi um tilvikið: „Skýrsluritari skoðaði báðar bifreiðar vel og gerði hæðarmælingar á sjáanlegu tjóni þeirra. Sjáanlegt tjón var á hægri hlið [A]. Dæld var í hægri framhurð og rispur á bæði hægri aftur- og framhurð. Sjáanlegt tjón var á hægri framhorni [B], en ekkert annað sjáanlegt tjón var á bifreiðinni. Eigandi [B] sagði tjón á hægri framhorni sinnar bifreiðar vera eldra tjón. Eigandi [B] sagði það tjón aldrei hafa verið skráð. Hæð tjóna bifreiðanna pössuðu ekki saman. Lægri mörk tjóns [B] voru um 9 cm lægri en lægri mörk tjóns [A]. Efri mörk tjóns [B] voru um 7 cm hærri en efri mörk tjóns [A]. Ómögulegt var að greina hvort nýrra tjóna væri sjáanlegt í tjón [B].“

Í athugasemdum V1, dags. 18. febrúar 2025, segir m.a. að með hliðsjón af því að ekki hafi verið unnt að greina árekstur milli A og B á því myndbandi sem til er, neitun eiganda B á því að hafa valdið tjóni á A og niðurstöðu skýrslu AÖ, telji V ósannað að tjón á A verið rakið til notkunar B. Því hafnar V að greiða tjónið úr ábyrgðartryggingu B í málinu.

Í athugasemdum V2, sem ábyrgðartryggði A, er m.a. bent á að á myndbandsupptökunni komi fram að þegar A var ekið í staði í umrætt sinn sjáist að hægri hlið hennar hafi verið óskemmd. Síðan sjáist þegar B sé ekið inn á staðið við hlið A. Virðist hægri framhorn B vera mjög nálægt hægri hlið A, en vegna sjónarhorns myndvélarinnar sé ekki hægt að fullyrða með vissu hvort árekstur hafi átt sér stað. Hins vegar sjáist greinilega á myndbandinu að A var tjónuð á hægri hlið þegar B var ekið úr staðinu. Telur V2 að framangreint bendi eindregið til þess að tjónið á A verið rakið til notkunar B.

Álit.

Ágreiningslaust er að bifreiðinni B var lagt við hlið A þar sem hún stóð á bílastæði fyrir utan matsvöruverslun. Þá kemur jafnframt fram, og virðist ágreiningslaust, að ekkert tjón var á A er henni var lagt í staðið í umrætt sinn en að sjá hafi mátt tjón á henni í kjölfar þess að B var ekið úr staðinu. Þá virðist einnig ágreiningslaust að engri annarri bifreið en B hafi verið lagt við hlið A á hinu umrædda tímabili. Þá bendir V2 á að A hafi verið óskemmd þegar hún var lögð í staðið, myndbandsupptakan sýni að B hafi verið ekið mjög nærri A, og að í framhaldinu sjáist að A hafði orðið fyrir tjóni á hægri hlið. Þessu til viðbótar segir m.a. eftirfarandi í athugasemdum V1 til nefndarinnar, dags. 18. febrúar 2025: „Fulltrúi frá [V1], ásamt fulltrúa frá [V2], fengu að sjá umrædda myndbandsupptöku. Á henni mátti sjá hvar M lagði bifreið sinni í stöðureit og eftir nokkra stund sást hvar bifreiðinni [B] var ekið inn í stöðureit við hlið bifreiðar M. Ekki mátti greina árekstur er bifreiðinni [B] var ekið inn í stöðureitinn. Nokkru síðar var bifreiðinni [B] ekið á brott, en líkt og áður var ekki unnt að greina árekstur er bifreiðinni [B] var ekið út úr stöðureitnum. Eftir að bifreiðinni [B] var ekið á brott mátti þó greina skemmdir á bifreið M sem voru ekki sjáanlegar áður en [B] var ekið inn í stöðureitinn við hlið bifreiðar M.“

Af framangreindu má sjá að bæði V1 og V2 staðfesta það, með vísan í það sem fram kemur í umræddu myndbandi, að A hafi verið óskemmd þegar B var lagt við hlið hennar, en skemmd eftir að B hafði verið ekið burt. Nefndin telur því að M hafi tekist að sanna að tjón á A verði rakið til notkunar B og eigi því rétt á að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V1.

Niðurstaða.

M á rétt á að fá tjón á bifreiðinni A bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V1.

Reykjavík, 20. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir